

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfalli.

Landbúnaðarráðuneytið 24. sept. 1979.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. október 1979.

Nr. 399.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Fiskmjöl, § 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. október 1979.

Nr. 400.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Í Reykjafjarðaráll allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- | | | |
|----|-----------|-----------|
| a) | 66°34'7 N | 22°00'0 V |
| b) | 66°37'3 N | 21°21'5 V |
| c) | 66°58'6 N | 20°54'0 V |
| d) | 66°59'0 N | 20°40'0 V |

að austan markast svæðið af 20°40'0 V.